



Skipulag Fyrir Byggingarfulltrúi
Uppsvæðusábs.

23. JUNI 2014

MÓTTEKIÐ

Byggingarfulltrúi Bláskógbabyggðar
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 19. júní 2014
Tilvísun: 201406-0081

Efni: Brottfall vátryggingar byggingarstjóra

Mannvirkjastofnun tilkynnir yður hér með að Tryggingarmiðstöðin hf. hefur afturkallað starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra fyrir Hákon Páll Gunnlaugsson, kt. 100572-3039 vegna Nónhólsbraut 6, 801 Bláskógarbyggð, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra.

Tilkynning Tryggingarmiðstöðvarinar hf. barst Mannvirkjastofnun 5. júní 2014. Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til sex vikur eru liðnar frá því að vátryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt. Hafi vátryggingin fallið úr gildi áður en Mannvirkjastofnun fær tilkynninguna helst ábyrgð félagsins í sex vikur frá móttöku tilkynningarinnar, þ.e. til 17. Júlí 2014.

Mannvirkjastofnun vekur athygli á að hafi starfandi byggingarstjóri ekki lengur fullnægjandi tryggingu samkvæmt framangreindu er honum skylt að segja sig frá verki þegar í stað sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra. Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til leyfisveitanda, sbr. 4.7.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 m.s.br. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri með gilt starfsleyfi frá Mannvirkjastofnun hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu, leyfisveitandi hefur staðfest að hann uppfyllti skilyrði 27. til 29. gr. laga um mannvirki og úttekt á stöðu framkvæmda hefur farið fram. Verði leyfisveitandi þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar

Valdimar Gunnarsson

Valdimar Gunnarsson